



Skráning nýfædds barns

Félagsráðgjöf til foreldra

Feðrun og forsjá

Ef móðir er í hjúskap eða í skráðri sambúð með lýstum föður, þá er maki skráður faðir barns. Barnið er þá sjálfkrafa kennt til föður við skráningu í Þjóðskrá.

Ef um er að ræða tvær mæður í hjúskap eða skráðri sambúð þarf að leggja fram skjal til Þjóðskrár, www.skra.is sem staðfestir að getnaður hafi farið fram samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/1996, um tæknifrjövgun o.fl.

Vert er að undirstrika að Þjóðskrá kallar eftir framangreindum upplýsingum svo unnt sé að framfylgja barnalögum nr. 76/2003 um skráningu foreldra barns. Mæður geta sjálfar skilað inn slíku skjali eða veitt Þjóðskrá umboð til að afla þess.

Nánari upplýsingar er að finna á vef: www.island.is/s/syslumenn.

Foreldrar ekki í skráðri sambúð eða hjónabandi

Þegar barn fæðist og foreldrar þess eru hvorki í hjónabandi né skráðri sambúð þarf að ákvarða faðerni barnsins áður en hægt er að ákveða meðlag. Foreldri sem fæðir barnið fer eitt með forsjá barns og forsjá breytist ekki sjálfkrafa þótt barn sé feðrað síðar.

Tvær leiðir eru mögulegar:

- Fylla út eyðublaðið „Yfirlýsing móður um faðerni barns og faðernisviðurkenning“ hjá Þjóðskrá. Eyðublaðið er aðgengilegt á vef: www.island.is.
- Sækja um feðrun hjá sýslumanni í því bæjarfélagi sem móðir er skráð til lögheimilis. Fylla þarf út eyðublað „Faðernisyfirlýsing“ þar sem faðerni er lýst yfir, ýmist með undirskrift hans eða án. Sýslumaður kallar þá föðurinn inn til undirskriftar, auk þess sem móðir getur óskað eftir meðlagi á sama eyðublaði. Eyðublaðið er aðgengilegt á www.island.is. Sýslumaður sendir staðfestingu á feðrun til Þjóðskrár þegar faðir hefur staðfest feðrun. Ef mál er í gangi um feðrun barns, er hægt að sækja um meðlag til bráðabirgða hjá Tryggingastofnun ríkisins á vef: www.tr.is.

Barn einstakrar móður

Ef barn verður ekki feðrað þar sem ekki er hægt að feðra það eða barn var getið með tæknifrjövgun (einstakt foreldri), er hægt að sækja um barnalífeyri frá Tryggingastofnun á www.tr.is. Greiðslur barnalífeyris samsvara meðlagsgreiðslum.

DNA-blóðrannsókn – sönnun á faðerni

Ef móðir hefur skilað „Faðernisyfirlýsingu“ til sýslumanns (www.island.is/s/syslumenn) og lýstur barnsfaðir óskar eftir blóðrannsókn til sönnunar á faðerni, þarf hann að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis hjá sýslumanni og einnig staðfesta að hann sé tilbúinn til að greiða þann kostnað sem rannsóknin hefur í för með sér. Kostnaður er alltaf greiddur af þeim er reynist blóðfaðir.

- Lýstur faðir þarf ávallt að óska eftir blóðrannsókn. Vilji móðir barnsins blóðrannsókn þarf hún að höfða barnsfaðernismál í nafni barnsins sem fer þá fyrir dómstóla.
- Ef lýstur barnsfaðir neitar blóðrannsókn og að greiða fyrir blóðrannsókn, er móður kynnt sú niðurstaða af sýslumanni og henni leiðbeint varðandi málshöfðun í nafni barns.

DNA-próf án aðkomu yfirvalda

Hægt er að fá DNA-próf án aðkomu sýslumanns og dómstóla. Tvær leiðir eru mögulegar:

a. Á Íslandi

Móðir og meintur faðir geta sjálf haft samband við meinafræðideild/réttarlæknisfræði á Landspítala og óskað eftir að fram fari blóðrannsókn. Þau geta deilt kostnaðinum ef því er að skipta.

b. Erlendis

Móðir og meintur faðir geta pantað DNA-prófs pakka frá Danmörku og fá þá sendan útbúnað til að tak stök úr munnholi barns og meints föðurs. Sýnin senda þau svo sjálf til Danmerkur með pósti, þar sem þau eru greind. Mikilvægt er að lesa leiðbeiningar vel. Nánari upplýsingar og verðskrá má finna á www.dnatest.dk/eu.

Frekari upplýsingar

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá vinsamlegast samband við félagsráðgjafa á kvennadeildum: felagsradgjof.kvennadeild@landspitali.is eða í síma 543 1000.